

Skimun og frumgreining einhverfurrófsraskana með áherslu á notkun CARS-2-SF

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er eingöngu ætlað fagaðilum sem sinna frumgreiningu á börnum með þroska- og hegðunarfrávik.

Hámarksfjöldi þátttakenda

Á þessu námskeiði er hámarksfjöldi þátttakenda 20.

Lýsing

Fjallað verður stuttlega um hvernig frávik í þroska og hegðun finnast, hugmyndafræði skimunar, helstu próffræðileg hugtök og um væntanlegar breytingar á greiningarskilmálum einhverfurófsraskana.

Kynnt verða matstæki sem ætluð eru til að skoða einkenni einhverfu, með sérstakri áherslu á *Childhood Autism Rating Scale, Second Edition-SF* (CARS 2-SF). Farið verður yfir sögu og þróun þessa greiningartækis og notkun CARS 2-ST. Einnig verður CARS 2-HF kynnt lítillega. Námskeið byggist á fyrirlestrum, myndböndum og umræðum.

Markmið

Að þátttakendur:

- geti metið hvaða matstæki er viðeigandi að nota hverju sinni
- dýpki þekkingu sína og færni við notkun matstækja sem ætluð eru til að skoða einkenni á einhverfurófi
- geti notað slík matstæki og túlkað niðurstöður við frumgreiningu á einhverfu

Umsjón

Svandís Ása Sigurjónsdóttir sálfræðingur